

RÍKISENDURSKOÐUN

Veðurstofa Íslands

Endurskoðun 2021

Endurskoðunarskýrsla

Ágúst 2022

Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Veðurstofu Íslands fyrir árið 2021.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.

Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.

Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.


Ársreikningur Veðurstofu Íslands var síðast endurskoðaður 2018 vegna ársins 2017.

Efnisyfirlit


1	Lykiltölur úr rekstri ársins 2021.....	4
2	Ábendingar og athugasemdir	5
3	Áhættumat og mikilvægi	6
4	Fjárveiting og rekstur.....	7
4.1	Fjárveitingar	7
4.2	Rekstraráætlun.....	8
4.3	Niðurstöða.....	8
5	Innra eftirlit.....	9
5.1	Inngangur	9
5.2	Umfjöllun	9
5.3	Niðurstöður/ábendingar.....	9
6	Fylgni við lög og reglur	10
6.1	Inngangur	10
6.2	Umfjöllun	10
6.3	Niðurstöður.....	10

7	Endurskoðun rekstrarliða	11
7.1	Rekstrartekjur	11
7.2	Rekstrarkostnaður	11
7.3	Niðurstöður	12
8	Endurskoðun efnahagsliða.....	13
8.1	Efnahagsreikningur	13
8.2	Eignir	13
8.3	Eigið fé og skuldir.....	14
8.4	Niðurstöður/ábendingar	14
9	Önnur atriði	15
9.1	Ársreikningur og staðfestingarbréf.....	15
9.2	Óhæðisyfirlýsing.....	15

1 Lykiltölur úr rekstri ársins 2021



Eigið fé í lok árs í m.kr.



2 Ábendingar og athugasemdir

Niðurstöður endurskoðunar hjá Veðurstofa Íslands voru án athugasemda og ábendinga.

3 Áhættumat og mikilvægi

Mat á áhættu og mikilvægi eru grundvallarþættir sem horft er til við skipulagningu og framkvæmd endurskoðunar. Þetta merkir að sjónum er sérstaklega beint að áhættusömum og verulegum liðum í reikningsskilunum. Leitast er við að skipuleggja endurskoðunina með skilvirkni í huga en liður í því er að taka mið af eftirlitsumhverfi Veðurstofu Íslands eins og kostur er. Lögð er áhersla á að yfirfara ferla í tengslum við gerð reikningsskilanna og verulega liði innan þeirra. Markmiðið með þessari yfirferð er meðal annars að afla upplýsinga um eftirlitsaðgerðir stjórnenda og að kanna virkni þeirra.

Eftirfarandi eru þeir liðir hjá Veðurstofu Íslands sem voru taldir skipta mestu máli vegna endurskoðunarvinnu á árinu:



Við skipulagningu endurskoðunar voru mikilvægismörk ákvörðuð sem 2% af gjöldum ársins, eða 66 m.kr. Með mikilvægismörkum er átt við hámark þeirrar fjármunalegu skekkju sem ekki er talin hafa áhrif á upplýstan lesenda

reikningsskilanna. Mikilvægismörk eru því einn af grunnþáttum endurskoðunar og marka meðal annars umfang þeirra endurskoðunargagna sem aflað er. Eftir sem áður er öllum skekkjum, sem finnast og máli skipta, komið á framfæri við stjórnendur

Við mat á áhættu og mikilvægi einstakra fjárlagaliða og stofnana eru jafnframt ákveðnir þættir hafðir til hliðsjónar m.a. eðli og umfang fjárlagaliðar eða stofnunar, fyrri athugasemdir og fyrirkomulag bókhalds hjá stofnun.

4 Fjárveiting og rekstur

4.1 Fjárveitingar

4.1.1 Fjárveiting – heimild til rekstrar

Fjárveiting til Veðurstofu Íslands vegna rekstrar samkvæmt fylgiriti fjárlaga fyrir árið 2021 nam 2.546,5 m.kr. Þar var gert ráð fyrir 1.437 m.kr. rekstrartekjum og 1.109,5 m.kr. beinu framlagi úr ríkissjóði. Til viðbótar var fjárfestingarframlagi að fjárhæð 20 m.kr. breytt í rekstrarframlag í fjárlagalegum. Millifærslur úr almennum varasjóði námu 163,3 m.kr. en um var að ræða 123,7 m.kr. vegna aurskriða sem féllu í Seyðisfirði 2020, 28 m.kr. vegna eldsumbrota á Reykjanesi og 11,6 m.kr. vegna endurmats á launaforsendum fjárlaga 2021. Millifærslur af öðrum fjárlagaliðum námu 35,1 m.kr. og var um að ræða 30,4 m.kr. millifærslu af varasjóði málaflökks vegna jarðhræringa og eldgoss á Reykjanesi og 4,7 m.kr. vegna forgangsroðunar innan málaflökks. Tekjufærsla frestaðra tekna vegna afskrifta nam 92,3 m.kr. Endanlegt framlag úr ríkissjóði fyrir árið 2021 nam því 1.420,2 m.kr.

Afkoma ársins hjá Veðurstofu Íslands var neikvæð um 25,2 m.kr. á árinu sem skýrist einkum af því að útgjöld voru hærri en gert var ráð fyrir en á móti vegur að rekstrartekjur voru heldur hærri en gert var ráð fyrir. Rekstrarniðurstaða hækkar milli ára um 239,3 m.kr.

Tafla 1 Samanburður á fjárveitingum og rekstri 2021

Í þús. kr.	Fjárveiting 2021	Rekstur 2021	Frávik 2021	Rekstur 2020
Rekstrartekjur	-1.437.000	-1.838.550	401.550	-1.620.817
Launagjöld	1.856.500	2.022.066	-165.566	1.891.366
Önnur rekstrargjöld	898.340	1.091.753	-193.414	778.537
Afskriftir	92.343	156.332	-63.989	145.850
Tilfærslur	10.000	13.751	-3.751	11.181
Samtals	1.420.183	1.445.353	-25.171	1.206.117

4.1.2 Fjárveiting – heimild til fjárfestingar

Veðurstofa Íslands fékk 360,6 m.kr. fjárveitingu til fjárfestingar eins og fram kemur í fylgiriti með fjárlögum 2021 en 20 m.kr. af þeirri fjárhæð var breytt í rekstrarframlag í fjárlagalegum. Til viðbótar fékk Veðurstofan millifært fjárfestingarframlag úr almennum varasjóði vegna eldsumbrota á Reykjanesi 53,9 m.kr. og vegna aurskriða á Seyðisfirði 30,3 m.kr. Fjárveiting til fjárfestinga fyrir árið 2021 nam því 424,8 m.kr. en auk þess átti Veðurstofan ónotaða fjárfestingarheimild frá fyrra ári 103,2 m.kr. Eignakaup ársins námu 335,3 m.kr. að frádreginni fjárfestingu tengdri Alþjóðaflugmálastofnuninni. Söluverð eigna nam 0,2 m.kr. Ónotuð fjárveiting til fjárfestingar nam því 192,9 m.kr. í árslok 2021.

4.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar og hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins. Gerð var rekstraráætlun fyrir árið 2021 og var hún færð inn í Orra. Reglulega er farið yfir frávik frá rekstraráætlun innan ársins.

4.3 Niðurstaða

Eftirfarandi niðurstöður komu fram varðandi fjárveitingar stofnunarinnar:

Afkoma ársins var neikvæð um 25,2 m.kr. og uppsafnaður höfuðstóll var neikvæður að fjárhæð 126,1 m.kr. í árslok 2021. Rekstraráætlun er skráð í Orra og reglulega er farið fyrir frávik frá rekstraráætlun innan ársins. Ónotuð heimild til fjárfestingar nam 192,9 m.kr. í lok árs 2021.

5 Innra eftirlit

5.1 Inngangur

Forstjóri Veðurstofunnar ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggi viðunandi árangur.

5.2 Umfjöllun

Við mat á innra eftirliti stofnunarinnar reyndist það almennt vera í lagi. Fyrir fjármál og bókhald notar Veðurstofan fjárhagsbókhald ríkisins. Vinnustund er notuð fyrir skráningu á viðveru og fjarvistum starfsmanna, einnig er notað verkbókhald fjárhagskerfisins sem hefur verið aðlagð að þörfum Veðurstofu Íslands. Bókhald er fært hjá Veðurstofu Íslands og er ábyrgð og umsjón með bókhaldi og fjárreiðum vel skilgreind og afmörkuð. Tekjureikningar eru gefnir út í tekjuskráningarkerfi Orra (AR). Launafærslur eru sendar til Fjársýslu ríkisins, sem sér um að greiða út laun og launatengd gjöld ásamt staðgreiðslu. Eignir eru skráðar í eignaskrárkerfi Orra (FA).

Gæðahandbók er í notkun hjá Veðurstofu Íslands. Þar eru skriflegar reglur sem innihalda vinnuferla og hlutverkalýsingar starfa um ýmsa þætti innra eftirlits varðandi fjármál, innkaup, bókhald og mannauðsmál. Stofnunin er með vottað gæðastjórnunarkerfi ISO 9001 og stjórn- og upplýsingakerfi ISO 27001. Veðurstofan er með jafnlaunavottun. Einnig er stofnunin tekin út einu sinni til tvisvar á ári af Samgöngustofu þar sem Veðurstofan er með flugveðurþjónustu yfir Atlantshafið.

Árlega er gert áhættumat fyrir starfsemi Veðurstofunnar þ.m.t. vegna rekstraröryggis.

5.3 Niðurstöður/ábendingar

Endurskoðun á virkni innra eftirlits hjá Veðurstofu Íslands varðandi fjármál og bókhald var án athugasemda. Ekki er annað að sjá en að ferlið sé skilvirkt og að metnaður sé lagður í að fylgja því skipulagi sem ákveðið hefur verið hjá stofnuninni.

6 Fylgni við lög og reglur

6.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli og samninga þar sem það á við. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 4.

6.2 Umfjöllun

6.2.1 Ferða- og risnukostnaður

Samkvæmt úrtaki ferðareikninga er reglum um greiðslu, bókun og samþykkt vegna ferðalaga á vegum ríkisins fylgt. Reikningar vegna risnu voru skoðaðir og báru með sér réttmæti bókunar.

6.2.2 Opinber innkaup

Veðurstofa Íslands hefur sett innkaupastefnu þar sem meðal annars er horft til þarfa, verðs, líftíma vöru og umhverfissjónarmiða. Stofnun hefur innkaupareglur sem styðja við innkaupastefnu stofnunar og nýtir sér þjónustu Ríkiskaupa og rammasamninga þar sem það á við.

6.2.3 Innkaupakort

Stofnunin nýtir innkaupakort meðal annars við til greiðslu flugfaragjalda og kaupa á ýmsum minni rekstrarvörum. Notkun kortanna fellur undir innkaupareglur og innkaupastefnu stofnunarinnar.

6.2.4 Virðisaukaskattur og endurgreiðslur

Bókun og merking reikninga sem bera virðisaukaskatt eru í samræmi við fyrirmæli Fjársýslu ríkisins. Inneign vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts færist til eignar á endurgreiðslureikning virðisaukaskatts. Skil á virðisaukaskatti af seldri þjónustu eru gerð með reglubundnum hætti.

6.3 Niðurstöður

Ekki verður annað séð en að Veðurstofa Íslands fylgi lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald ríkisstofnana í A-hluta ríkissjóðs.

7 Endurskoðun rekstrarliða

Tafla 2 Rekstraryfirlit 2021

Í þús. kr.	2021	2020	Breyting
Tekjur			
Seld þjónusta	-291.241	-335.388	44.146
Framl. og ýmsar tekjur	-1.547.308	-1.285.429	-261.879
Alls tekjur	-1.838.550	-1.620.817	-217.733
Gjöld			
Laun og launagjöld	2.008.857	1.877.168	131.689
Ferðir og fundir	61.272	55.960	5.312
Rekstarvörur	140.697	96.254	44.442
Aðkeypt þjónusta	600.381	407.131	193.250
Húsnæði	243.586	185.407	58.178
Bifreiðar og vélar	42.688	33.374	9.314
Rekstrarkostnaður	186.422	171.640	14.782
Alls gjöld	3.283.903	2.826.934	456.969
Framlag ríkissjóðs	-1.420.183	-1.169.861	-250.322
Gjöld umfram tekjur	25.171	36.257	-11.086

7.1 Rekstrartekjur

Tekjur ársins námu 1.838,6 m.kr. árið 2021 að frátöldum fjárveitingum ársins. Hækkun milli ára var 217,7 m.kr.

Framlög og ýmsar tekjur námu 1.547,3 m.kr. á árinu 2021 og hækka um 261,9 m.kr. milli ára. Að verulegu leyti er um að ræða tekjur sem byggja á samningum. Stór hluti framlaga eða um 823,7 m.kr. eru vegna flugveðurbjónustu sem veitt er í samræmi við samning Veðurstofunnar við Alþjóðaflugmálastofnunina. Framlög vegna hættumatsverkefna fyrir Ofanflóðasjóð námu um 250 m.kr. á árinu 2021. Önnur framlög eru m.a. vegna samstarfs Veðurstofunnar við erlendar veðurstofur um háhraðatölvu sem staðsett er í húsakynnum Veðurstofunnar. Á árinu 2021 var unnið að breytingum á aðstöðu fyrir tölvubúnað og er sá kostnaður að stórum hluta endurgreiddur af samstarfsaðilum Veðurstofunnar og kemur því til tekna hér.

Tekjur vegna annarrar sérfræðibjónustu námu 291,2 m.kr. á árinu 2021 og lækka um 44,2 m.kr. milli ára. Um er að ræða tekjur vegna sérfræðibjónustu Veðurstofunnar við ýmsa aðila.

Við skoðun tekna voru frávik frá áætlun og fyrra ári skoðuð og skýringa óskað þar sem það átti við. Skoðun gaf ekki tilefni til athugasemda.

7.2 Rekstrarkostnaður

7.2.1 Launakostnaður

Launagjöld námu 2.008,9 m.kr. á árinu 2021 samanborið við 1.877,2 m.kr. á fyrra ári og hækkuðu um 131,7 m.kr. eða 7% milli ára. Ársverkum fjölgaði úr 153,36 í 156,26 milli ára þannig að heildarlaun á ársverk hækkuðu um 5% milli ára.

Endurskoðun launagjalda fór fram með greiningum, úrtaksskoðun, fyrirspurnum og skoðun á ráðningarsamningum og öðrum gögnum til staðfestingar á útborguðum launum. Tekið var úrtak fyrir 11 starfsmenn og gögn að baki launaútborgun 1. nóvember 2021 skoðuð. Í úrtaksskoðun kom í ljós að ráðningarsamning vantaði hjá einum starfsmanni en úr því hefur verið bætt.

Almennt leiddi úrtaksskoðun í ljós gott utanumhald og skipulag launagagna hjá stofnuninni og er endurskoðun launagjalda hjá Veðurstofu Íslands án athugasemda.

7.2.2 Ferðir og fundir

Ferða- og fundakostnaður nam 61,3 m.kr. árið 2021 og lækkaði um 5,3 m.kr. á milli ára. Helstu kostnaðarliðir eru vegna dagpeninga og aksturs. Endurskoðun fór fram með greiningum, úrtaksskoðunum og fyrirspurnum og er án athugasemda.

7.2.3 Rekstrarvörur

Kostnaður vegna rekstrarvara nam 140,7 m.kr. árið 2021 en var 96,3 m.kr. árið 2020 og hækkaði því um 44,4 m.kr. frá fyrra ári. Helstu kostnaðarliðir eru vegna rannsóknar- og mælitækja og annarra tækja og áhalda. Hækkun milli ára skýrist aðallega af kostnaði við breytingar á aðstöðu fyrir tölvubúnað sem endurgreiðist að mestu af erlendum samstarfsaðilum.

Endurskoðun fór fram með greiningum, úrtaksskoðunum og fyrirspurnum og er án athugasemda.

7.2.4 Aðkeypt þjónusta

Kostnaður vegna aðkeyptrar þjónustu nam 600,4 m.kr. árið 2021 samanborið við 407,1 m.kr. árið 2020 eða hækkun um 193,3 m.kr. á milli ára. Helstu kostnaðarliðir eru ýmis hugbúnaðar og tækniþjónusta, framlög til

alþjóðastofnana og aðkeypt sérfræði- og verktakaþjónusta. Ástæður hækkunar á milli ára eru helst breytingar vegna tölvuaðstöðu, kostnaður vegna viðbragða við skriðuföllum í Seyðisfirði og eldsumbrota á Reykjanesi. Endurskoðun fór fram með greiningum, úrtaksskoðunum og fyrirspurnum og er án athugasemda.

7.2.5 Húsnæði

Húsnæðiskostnaður nam 243,6 m.kr. árið 2021 en var 185,4 m.kr. árið 2020 og hækkaði um 58,2 m.kr. frá fyrra ári. Helstu kostnaðarliðir eru vegna leigu á húsnæði fyrir stofnunina auk verkkaupa í tengslum við uppbyggingu tækniinnviða í húsnæði stofnunarinnar sem er helsta ástæða hækkunar í milli ára.

Endurskoðun fór fram með greiningum, úrtaksskoðunum og fyrirspurnum og er án athugasemda.

7.2.6 Bifreiðar og vélar

Kostnaður árið 2021 vegna bifreiða og véla nam 42,7 m.kr. en var 33,4 m.kr. árið áður og jókst um 9,3 m.kr. á milli ára. Endurskoðun fór fram með greiningum og er án athugasemda.

7.2.7 Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður árið 2021 nam 186,4 m.kr. samanborið við 171,6 m.kr. árið áður sem er aukning um 14,8 m.kr. á milli ára. Afskriftir námu 156,3 og jukust um 10,5 m.kr. frá fyrra ári. Tilfærslur námu 13,9 m.kr. og vextir og annar kostnaður nam 16,2 m.kr. Endurskoðun fór fram með greiningum, fyrirspurnum og úrtaksskoðunum og er án athugasemda.

7.3 Niðurstöður

Skoðun rekstrarliða er án athugasemda.

8 Endurskoðun efnahagsliða

8.1 Efnahagsreikningur

Í árslok 2021 námu eignir 1.326,2 m.kr., skuldir námu 1.452,3 m.kr. og höfuðstóll var neikvæður um 126,1 m.kr.

8.2 Eignir

8.2.1 Fastafjármunir og verk í vinnslu

Eignfærsla hefur verið gerð frá og með árinu 2017, ásamt öðrum breytingum, í kjölfar setningar laga um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF). Eignir eru skráðar í eignakerfi í Orra. Afskriftahlutfall er breytilegt milli einstakra flokka eigna.

Fastafjármunir námu 577,9 m.kr. í árslok 2021. Um er að ræða áhöld, tæki, búnað, veðurmælitæki fyrir alþjóðaflug og farartæki. Bókfært virði í eignaskrárkerfi (FA) er í samræmi við bókfært virði í fjárhagsbókhaldi (GL) í árslok 2021. Veðurmælitæki fyrir alþjóðaflug eru að verðmæti 99,2 m.kr. sem tilheyra sameiginlegu verkefni með Alþjóðaflugmálastofnuninni.

Verk í vinnslu námu samtals 341,8 m.kr. í árslok 2021 en þar af eru 166,2 m.kr. sem tilheyra sameiginlegu verkefni með Alþjóðaflugmálastofnuninni.

8.2.2 Veltufjármunir

Veltufjármunir námu 406,5 m.kr. í árslok 2021 samanborið við 517,5 m.kr. í árslok 2020. Um er að ræða kröfur á tengda aðila 135,8 m.kr. og viðskiptakröfur og aðrar kröfur 148,7 m.kr. Handbært fé nam 122 m.kr.

Kröfur vegna tengdra aðila eru viðskiptakröfur hjá öðrum A-hluta stofnunum. Viðskiptakröfur eru einkum vegna viðskipta við aðila innanlands og Alþjóðaflugmálastofnunina.

Staða krafna skv. viðskiptamannabókhaldi (AR) í lok árs var 250,8 m.kr. Afstemming við stöðu í fjárhagsbókhaldi (GL) í lok árs liggur fyrir. Staða í fjárhagsbókhaldi (GL) var í samræmi við stöðu í AR að teknu tilliti til lítilsháttar mismunar sem var útskýrður. Kröfur í árslok 2021 eru vegna útgefinna reikninga á síðustu mánuðum ársins 2021 sem greiddir eru á fyrstu mánuðum ársins 2022.

Krafa á Alþjóðaflugmálastofnunina nam 23,5 m.kr. í árslok 2021 sem gerð var upp í upphafi árs 2022.

Handbært fé

Handbært fé nam 122 m.kr. í árslok 2021.

Handbært fé samanstendur af innistæðum á átta bankareikningum, þar af eru fimm gjaldeyrisreikningar. Einn gjaldeyrisreikningur til viðbótar er vegna vörslufjár sem færður er í bókhaldi stofnunarinnar en er ekki hluti af handbæru fé. Allir bankareikningarnir eru hjá Landsbankanum nema einn sem er hjá Íslandsbanka. Við endurskoðun handbærs fjár var send beiðni til fjögurra bankastofnana um staðfest yfirlit um viðskipti við Veðurstofuna og bærust svör við þeim öllum. Bókhaldi bar saman við staðfest yfirlit hjá bankastofnununum í árslok 2021.

8.2.3 Vörslufé

Veðurstofan er með til vörslu 4,6 m.kr. fjármuni fyrir þriðja aðila sem varðveittir eru á bankareikningi í Landsbankanum í nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi. Staða vörslufjár í bókhaldi stemmdi við staðfest yfirlit frá banka.

8.3 Eigið fé og skuldir

8.3.1 Eigið fé

Höfuðstóll Veðurstofunnar var neikvæður um 126,1 í árslok 2021 samanborið við 100,9 m.kr. árið á undan. Breyting á höfuðstól nemur 25,2 m.kr. eða sem nemur rekstrarhalla ársins 2021.

Ónotuð fjárveiting til fjárfestingar var 192,9 m.kr. í lok árs 2021.

8.3.2 Skuldir

Skuldir námu 1.452,3 m.kr. í árslok 2021. Um er að ræða skuldir við tengda aðila 256,9 m.kr., viðskiptaskuldir 89,1 m.kr., ýmsar skammtímaskuldir 229,1 m.kr., næsta árs afborganir af láni hjá Isavia 30 m.kr. og frestun tekjufærslu fjárfestingarheimildar 847,2 m.kr.

Skuldir við tengda aðila skiptast þannig að 154,3 m.kr. eru vegna viðskiptastöðu við ríkissjóð og 102,6 m.kr. eru viðskiptaskuldir við ríkisaðila í A-hluta. Skuld við ríkissjóð í árslok 2021 nam 294,2 m.kr. en frá þeirri fjárhæð dregst orlofsskuldbinding að fjárhæð 139,1 m.kr. Bent er á réttara væri að sýna skuldbindingu vegna orlofs sérstaklega meðal krafna í efnahagsreikningi.

Viðskiptaskuldir í lok árs 2021 voru samkvæmt viðskiptamannabókhaldi (AP) 163,1 m.kr. Afstemming við stöðu í fjárhagsbókhaldi (GL) er

fyrirliggjandi. Mismunur er milli kerfishluta að fjárhæð 125,5 þús. kr. en um eldri mismun er að ræða sem er tilkominn vegna kerfisvillu sem ekki hefur tekist að lagfæra.

Næsta árs afborgun af langtímaláni við Isavia vegna kaupa á háloftastöð og veðursjá til að þjónusta alþjóðaflug er síðasta afborgun þess láns.

Frestun tekjufærslu vegna fjárfestingarheimildar hjá Veðurstofu Íslands er á móti eignum án eigna vegna alþjóðaflugs þar sem framlög til kaupa þeirra koma frá Alþjóðaflugmálastofnuninni.

8.3.3 Vörslufé

Skuld vegna stöðu vörslufjár nam 4,6 m.kr. í árslok 2021, sjá nánar umfjöllun í kafla 8.2.3.

8.4 Niðurstöður/ábendingar

Niðurstaða endurskoðunar efnahagsliða er án athugasemda en bent á að flokkun krafna og skulda vegna viðskiptastöðu við ríkissjóð í efnahagsreikningi væri eðlilegt að sýna með öðrum hætti.

Bent er á réttara væri að sýna viðskiptastöðu við ríkissjóð sem skuld vegna greiðslustöðu við ríkissjóð annars vegar og kröfu vegna orlofsskuldbindingar sem færð var í upphafi árs 2017 við innleiðingu LOF laga hins vegar.

9 Önnur atriði

9.1 Ársreikningur og staðfestingarbréf

Forstjóri og fjármálastjóri Veðurstofu Íslands undirritaðu ársreikning hennar rafrænt 16. mars 2022. Staðfestingarbréf stjórnenda var jafnframt undirritað af sömu aðilum 16. og 17. mars 2022.

9.2 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Veðurstofu Íslands.



Ríkisendurskoðun
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík
Sími 448 8800

postur@rikisendurskodun.is – www.rikisendurskodun.is